



Bæjarráð Kópavogs

Kópavogi, 2. júlí 2024
2407219/500.04 PÞM

Efni: Samkomulag á milli Sorpu bs. og Kópavogsbæjar um tímasetningu lokunar endurvinnslustöðvar Sorpu bs. að Dalvegi 1.

Með milligöngu fulltrúa Kópavogsbæjar í stjórn Sorpu bs. hefur verið unnið samkomulag við Sorpu bs. um endurskoðun tímasetningar lokunar endurvinnslustöðvar Sorpu bs. að Dalvegi 1. Kópavogsbær hafði tilkynnt að lokun yrði endurvinnslustöðvarinnar yrði 1. september 2024. Sorpa bs. áformar að opna nýja endurvinnslustöð að Lambhagavegi í Reykjavík haustið 2025.

Til að koma í veg fyrir þjónustuskerðingu til íbúa fram undir þann tíma er endurvinnslustöðin að Lambhagavegi verði tekin í notkun, er lagt til í samkomulaginu að Kópavogsbær fresti lokun endurvinnslustöðvarinnar að Dalvegi 1 fram til 1. september 2025.

Samkomulagið gerir ekki ráð því að lokun endurvinnslustöðvarinnar að Dalvegi 1 sé háð opnun stöðvarinnar að Lambhagavegi, heldur einungis bundin við framangreinda dagsetningu.

Stjórn Sorpu bs. samþykkti samkomulagið fyrir sitt leyti á 500. fundi sínum þann 1. júlí s.l.

Lagt er til við bæjarráð að samkomulagið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Pálmi Þór Mátsson
Bæjarritari

